

**Fuglalíf á fyrirhuguðu svæði
snjóflóðavarnargarða á Siglufirði**

Ólafur Einarsson

Unnið fyrir Línuhönnun hf

NÍ 97-015

Reykjavík, september, 1997



1 INNGANGUR

Tilgangur þessa verkefnis var að leggja mat á fuglalíf þar sem snjóflóðavarnargarðar eru ráðgerðir ofan við Siglufjarðarkaupstað. Í upphafi óskaði Línuhönnun hf. eftir því að Náttúrufræðistofnun Íslands athugaði fuglalíf á svæðinu á varptíma. Sú ósk var síðar dregin til baka en Örlygur Kristfinnsson, fuglaáhugamaður á Siglufirði, og Guðný Róbertsdóttir heimsóttu svæðið í júní 1997. Í ágústbyrjun var svo ákveðið að Náttúrufræðistofnun tæki að sér að rita samantekt um fuglalíf á svæðinu.

2 STADHÆTTIR

Rannsóknarsvæðið er í um 20 til 220 metra hæð yfir sjávarmáli í Hafnarfjalli ofan við Siglufjarðarkaupstað, neðan við gil sem nefnd eru Ytra- og Innra-Strengsgil. Athugunarsvæðið náði yfir tæpan ferkílómetra í fjallshlíðinni.

3 AÐFERÐIR

Engar ritaðar heimildir eru til um fuglalíf á þessu svæði. Í fórum Náttúrufræðistofnunar eru heldur engin gögn til um fuglalíf svæðisins. Ókunnugt er um nokkrar skráðar athuganir um svæðið. Athuganir stofnunarinnar á útbreiðslu varpfugla hafa ekki, enn sem komið er, náð til Siglufjarðar og nágrennis.

Í sumar var svæðið heimsótt tvisvar. Fyrst fóru Örlygur Kristfinnsson og Guðný Róbertsdóttir um svæðið þann 21. júní. Þá var gengið um svæðið þar sem snjóflóðavarnargarðar eru áformaðir og skráðir fuglar sem voru til staðar. Athugunarsvæðið var svo heimsótt öðru sinni þann 12. ágúst af starfsmönnum Náttúrufræðistofnunar Íslands, Ólafi Einarssyni og Arnóri Þ. Sigfússyni. Það var gert til þess að kynna sér svæðið, hvers konar búsvæði þarna væri að finna, afla upplýsinga frá heimamönnum og skrá þá fugla sem sæjust, þótt varptími væri liðinn. Upplýsingar um varpfugla á svæðinu eru því af skornum skammti.

4 NIÐURSTÖÐUR

Á athugunarsvæðinu voru skráðar níu fuglategundir, þar af voru sex sem þykja þar líklegir varpfuglar (1. tafla). Þetta er 8% af þeim tegundum sem teljast reglulegir varpfuglar á Íslandi. Engin þessara tegunda er sjaldgæfur varpfugl hérlendis, heldur eru þær allar algengir varpfuglar víða um land. Tvær af þessum sex fuglategundum eru öruggir varpfuglar á svæðinu, þ.e. hrossagaukur og steindepill. Eitt hreiður fannst, það var hreiður hrossagauks (tvö egg í því) innan við Innra-Strengsgil. Steindepill, þar á óðali, sást með fleyga unga við Ytra-Strengsgil í ágúst. Ennfremur fundust brot úr tveimur andareggjum á þeim slóðum þar sem fyrirhugað er að reisa aðalvarnargarðinn, en eggin hafa líklega verið urtandaregg. Eggjakopparnir hafa líklega verið bornir þangað af hrafni þar sem engin ummerki voru um hreiður í nágrenninu.

1. tafla

Fuglategundir á slóðum fyrirhugaðra snjóflóðavarnargarða við Siglufjarðar-kaupstað

Íslenskt heiti	Latneskt heiti	Líklegir varpfuglar	Í ætisleit
Heiðlóa	<i>Pluvialis apricaria</i>	x	x
Hrossagaukur	<i>Gallinago gallinago</i>	x	
Spói	<i>Numenius phaeopus</i>		x
Stelkur	<i>Tringa totanus</i>		x
Hettumáfur	<i>Larus ridibundus</i>		x
Kría	<i>Sterna paradisaea</i>	x	
Þúfuttillingur	<i>Anthus pratensis</i>	x	x
Steindepill	<i>Oenanthe oenanthe</i>	x	
Skógarþröstur	<i>Turdus iliacus</i>	x	

Samkvæmt athugunum er áætlað að á svæðinu séu að minnsta kosti fjögur heiðlóupör (*Pluvialis apricaria*) í varpi, eitt hrossagaukspar (*Gallinago gallinago*), eitt kríupar (*Sterna paradisaea*), þrjú skógarþrastarpör (*Turdus iliacus*), þúfuttillingur (*Anthus pratensis*) verpur líklega og steindepill (*Oenanthe oenanthe*) eitt par. Rjúpa (*Lagopus mutus*) og snjóttillingur (*Plectrophenax nivalis*) eru einnig líklegir varpfuglar í hlíðum Hafnarfjalls, þótt þeirra yrði ekki vart þegar athuganir fóru fram. Eitthvað er um það að fuglar leiti sér ætis á svæðinu, en í fyrri heimsókninni voru þarna fjórar fuglategundir við ætisleit og ein í þeirri seinni.

Fuglar voru taldir á manngerðri tjörn sunnan við byggðina og ofan við veginn á leirunni þann 12. ágúst 1997. Þá voru þar toppendur (tvær kollur með unga), duggendur (tvær kollur með unga), óðinshonar (fjórir), jaðrakanar (sex fleygir ungar), stelkar (ellefu), urtendur (fimm og svo tvær kollur með unga). Hugsast getur að þessir fuglar verpi á votlendissvæðinu sem er upp af tjörninni, en það hafði lítinn tilgang að athuga það svæði í ágúst mánuði.

Þess má geta að mikil fjöldi smárra fiðrilda var á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði í ágústheimsókninni. Líklega var hér á ferð grasvefari (*Eana osseana*), en smádyr voru að öðru leyti ekki könnuð vegna umhverfismatsins.

5 UMRÆÐA

Ofangreindar athuganir á fuglalífi eru langt frá því að gefa fullnægjandi yfirlit um varpfugla á framkvæmdasvæðinu. Svæðið var heimsótt einu sinni frekar seint á varptíma og svo eftir að varptíma var lokið. Ef kortleggja á varpfugla af einhverri nákvæmni þarf til þess að minnsta kosti tvær heimsóknir (í síðari hluta maí og um miðjan júní). Það er því ljóst að upplýsingar um varpfugla eru lágmarksupplýsingar.

Þrátt fyrir þessa fyrirvara bendir allt til þess að fuglavarpi í hlíðum Hafnarfjalls sé hvorki mikið né sérstætt á landsvísu. Reyndar segir fátt af athugunum á fuglalífi í fjallshlíðum annars staðar á landinu þar sem aðstæður eru svipaðar.

Þrátt fyrir ofansagt er full ástæða að haga framkvæmdum þannig að þær hafi sem minnst áhrif á fuglalíf. Gæta verður þess að raska grónu landi sem minnst og reyna að halda eftir sem mestu af mýrarskákum, snjóðældum og öðru grónu landi sem er á svæðinu. Einnig má hugsa sér að í snjóflóðavarnargörðunum séu hafðar opnar grjóturðir sem myndu gera fuglum eins og snjóttillingum og steindeplum kleift að verpa þar.

Við fyrirhugaðar framkvæmdir má búast við að mikil breyting verði á vatnsstreymi um hlíðina. Mun meira vatn kemur til með að renna til sjávar sunnan við byggðina (um Langeyri). Þetta á líklega einkum við í vatnavöxtum. Þessar breytingar á vatnsbúskap gætu haft veruleg áhrif á votlendið sem er sunnan við byggðina, jafnvel spillt varpi ef vatnavextir verða á varptíma. Við framkvæmdir verður því að huga sérstaklega að því að votlendi þetta spillist ekki. Votlendi við þéttbýli eru ekki mörg og nauðsynlegt er að varðveita þau sem eftir eru, en mjög hefur verið gengið á votlendi á þessari öld með gengdarlausri framræslu. Æskilegt væri að rannsaka fuglalífið í þessu votlendi við kaupstaðinn á varptíma.

6 ÞAKKIR

Örlygur Kristfinnsson á Siglufirði á miklar þakkir skyldar fyrir framlag sitt við athuganirnar og greinargóðar upplýsingar um fuglalíf á svæðinu. Guðný Róbertsdóttir aðstoðaði við athuganir í júní. Arnór Þ. Sigfússon heimsótti svæðið ásamt Ólafi Einarssyni í ágúst og er honum þökkud aðstoðin. Þorsteinn Jóhannesson á Siglufirði veitti einnig upplýsingar um svæðið.